

Föstudaginn 11. febrúar 1966.

Nr. 178/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðjóni Gísla Hannessyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Það athugast, að eigi verður séð, að vottur hafi verið við lögreglupróf í málinu á Keflavíkurflugvelli hinn 15. desember 1964, sbr. 37. gr. laga nr. 82/1961, né heldur að dómari hafi leiðbeint ákærða um rétt hans til að fá skipaðan verjanda, sbr. 3. tölulið 2. mgr. 80. gr. sömu laga.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Gísli Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 18. ágúst 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 18. ágúst, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var í dómsal embættisins af Ólafi Í. Hannessyni, fulltrúa lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 782/1964: Ákærvaldið gegn Guðjóni Gísla Hannessyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni 11. júní 1965, á hendur Guðjóni Gísla Hannessyni tækjastjóra, Hátúni 21 í Reykjavík, fyrir að taka að ófrjálsu í þrjú skipti í desember 1964 og e. t. v. í nóvember sama ár talsvert magn tæmdra skothylkja, þar sem þeim hafði verið hlaðið á Keflavíkurflugvallarsvæðinu, en skothylki þessi seldi hann í desember 1964 fyrir alls kr. 39.950.00.

Telst þetta varða við 244. gr. eða 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. febrúar 1935 í Bolungarvík, og hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

- | | |
|-----------|--|
| 1952 26/6 | í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir tollalagabrot. |
| 1958 19/4 | á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100.00 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot. |
| — | í Reykjavík: Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað í 2 ár frá 25/9 1958. |
| 1959 23/1 | í Reykjavík: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga. |
| 1959 14/8 | í Reykjavík: Sátt, 150.00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1961. 4/3 | í Reykjavík: Sátt, 200.00 kr. sekt fyrir brot á 50. sbr. 80. gr. umferðarlaga. |
| 1962 27/9 | í Reykjavík: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir ökuhraða. |
| 1963 13/4 | í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. |

Málavextir:

Fimmtudaginn 10. desember 1964 kærði varnarliðið yfir því, að allmiklu magni af tónum skothylkjum hefði verið stolið úr stæðum á svo nefndum Pattersonflugvelli á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að Vélsmiðjan Sindri h/f í Reykjavík hafði keypt skothylkin af ákærða.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi, nokkrum mánuðum áður en mál þetta kom til, tekið eftir stæðum með tæmdum skothylkjum á Pattersonflugvelli. Sagðist hann hafa talið hylkin verðlaus fyrir varnarliðið og haldið, að því væri sama, þótt þau

væru hirt. Ákærði kveðst svo hafa tekið nokkur hylki úr stæðunni og farið með þau í Vélsmiðjuna Sindra h/f og fengið þar upplýst, að vélsmiðjan greiddi kr. 10.00 fyrir hvert kílógramm af hylkjunum.

Ákærði sagðist síðan hafa farið þrisvar, sennilega í byrjun desember, að stæðunum og tekið þaðan hylki og flutt þau í almenning svagn, er hann hafði til umráða vegna vinnu sinnar, upp í Stapafell og falið hylkin í vinnuskúr.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tvívegis tekið vörubifreið, sem er eign Íslenzkra aðalverktaka s/f, og hafi hann flutt skot-hylkin á bifreiðinni frá Stapafelli í Kópavog.

Ákærði sagðist síðan hafa tekið á leigu sendiferðabíl til þess að flytja hylkin úr Kópavogi til Vélsmiðjunnar Sindra h/f, þar sem hann fékk greiddar kr. 39.950.00 fyrir þau. Hann kvaðst hafa sagt starfsmönnum Sindra, að hann hefði fundið hylkin í hraungjótu skammt frá Stapafelli.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi notið aðstoðar Jóhanns Sævars Símonarsonar, Neðri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd, við töku hylkjanna af Pattersonflugvelli og hafi Jóhann Sævar einnig verið með sér og aðstoðað sig, er ákærði tók vörubifreiðina og hlóð hylkjunum á hana. — Jóhann Sævar átti að fá helming andvirðisins, en ákærði hefur viðurkennt að hafa notað peningana í sína þágu eingöngu.

Ákærði og Jóhann Sævar hafa báðir haldið því fram, að bjart hafi verið af degi, er þeir tóku hylkin, og að eftirlitsmenn frá varnarliðinu hafi verið þar í nánd, en látið þá afskiptalaus.

Þáttur Jóhanns Sævars að máli þessu hefur þegar verið afgreiddur með ákærufrestun.

Ekki verður fallizt á það sjónarmið ákærða, að geymslustaður hylkjanna gæfi til kynna, að þau væru verðlaus og að varnarliðinu væri sama um þau, þar sem eigandi hafði látið smíða stæður utan um hylkin og raðað þeim þar skipulega, auk þess sem varnarliðið hefur geymt varning á Pattersonflugvelli um ára skeið, og ákærða átti að vera kunnugt um það, þar sem hann hefur starfað hér lengi.

Með viðurkenningu ákærða og stutt öðrum gögnum verður að telja sannað, að hann hafi í auðgunarskyni átt þátt í að taka skothylki þau, er mál þetta fjallar um. Þá kemur til álita, hvort brot hans falli undir 244. gr. eða 245. gr. hegningarlaga.

Ekki hefur verið hrakið, að taka hylkjanna hafi farið fram í björtu og að verðir hafi verið í nánd og látið tökuna afskipta-

lausa. En aðferð sú, er ákærði og félagi hans höfðu á við geymslu hylkjanna og flutning þeirra úr Stapafelli, svo og það, að ákærði sagðist hafa fundið þau í hraungjótu, gefa til kynna, að verknaðurinn hafi verið framkvæmdur með leynd, og ber því að færa hann undir 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur með þessu framferði sínu rofið skilorð það, er honum var sett í dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. apríl 1963, og ber því nú að fella þann dóm inn í þennan.

Með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ekki hafa komið fram bótakröfur vegna verknaðarins, og verður ákærði því eigi dæmdur til skaðabótaþagreiðslu í máli þessu.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Gísli Hannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1966.

Nr. 128/1964. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn

Helga Kristjánssyni (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1964, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Á dómþingi í héraði 28. apríl 1964 felldi stefndi niður kröfu um orlofsfé, kr. 5.831.30, en af vangá hefur héraðsdómur eigi að síður dæmt stefnda þá fjárhæð, sbr. kröfulið F í héraðsdómi. Í samræmi við þetta gerir stefndi hér fyrir